

Árneshreppur
Bolungarvíkurkaupstaður
Ísafjarðarbær
Kaldrananeshreppur
Reykhólahreppur
Strandabyggð
Súðavíkurhreppur
Vesturbyggð

Ísafirði 23. mars 2026

Boðun á Aukaping Fjórðungssambands Vestfirðinga 15. apríl 2026, samhliða ársfundi Vestfjarðastofu.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkti á fundi þann 26. febrúar 2026, tillögu um boðun aukapings Fjórðungssambandsins í fjarfundi. Á dagskrá þingsins verði fyrstu tveir dagskrárliðir Fjórðungsþings samkvæmt 10. gr. samþykkt, ársskýrsla og ársreikningur 2025.

Í rökstuðningi stjórnar er vísað til að ársfundur Vestfjarðastofu verður haldinn þann 15. apríl 2026. Samkvæmt 10. gr. samþykkt Fjórðungssambands Vestfirðinga verður ekki haldið vorþing þegar kosið er til sveitarstjórna, heldur sé þingið haldið að aflokum kosningum í júní n.k.. Visar stjórn til að verkefni og fjármögnun verkefna Vestfjarðastofu eru samtengd starfsemi Fjórðungssambandsins og telur stjórn því æskilegt að fjallað sé um reikningsskil þessara aðila í samhengi.

Heimild stjórnar til boðun þingsins, byggir á grundvelli 4. mg., 3. gr. samþykkt Fjórðungssambands Vestfirðinga¹, sem heimilar stjórn að boða til aukapings. Á grundvelli 2. gr. þingskapa Fjórðungsþings Vestfirðinga er síðan heimilt að halda aukaping með fjarfundafyrirkomulagi. Dagskrá þingsins er sem hér segir.

1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050. Staða og úrvinnsla umsagna við kynningartillögu (febrúar 2026)

Þingið verður haldið miðvikudaginn 15. apríl 2026 í fjarfundi og á skrifstofu Vestfjarðastofu, Suðurgötu 12 á Ísafirði. Þingið hefst kl 11.00 og áætluð þingslit kl 12.00 og í framhaldinu er síðan boðið til hádegisverðar.

Áskilinn er réttur til að breyta dagskrá þingsins allt að 10 dögum fyrir þingið. Slík dagskrárbreyting verður kynnt sérstaklega, auk þess sem hún verður sett inn á vef Vestfjarðastofu. Einnig verða sett inn önnur gögn er varða þingið. Skráning og gögn má finna á heimasíðu Vestfjarðastofu

<https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/fv/fjordingsthing/aukathing-fv-15-april-2026>

¹ <https://www.vestfiridir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordingsthing/69thing/haust/samthyktir-og-thingsk-19.okt2024.pdf>

Ársfundur Vestfjarðastofu

Ársfundur fulltrúaráðs Vestfjarðastofu fyrir árið 2025, verður haldinn á sama stað og sama dag 15. apríl 2026 og hefst kl 13.00. Boðun fulltrúa sveitarfélaga og dagsskrá hans verður síðar kynnt að hálfu Vestfjarðastofu.

Í framhaldi ársfundar Vestfjarðastofu verður boðað til vinnufundar frá kl 14.00 til 15.30, um mótun verkefnasviða Vestfjarðastofu. Fundurinn er liður í endurskoðun stefnu Vestfjarðastofu, en núverandi stefnumörkun rennur úr gildi á árinu 2027 þegar 10 ár eru liðin frá stofnun Vestfjarðastofu.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga
Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri